

---

## Thor landeldi, 20.000 tonna eldi á ári, Sveitarfélaginu Ölfusi

### Álit um matsáætlun

---

#### 1 Inngangur

Þann 18. mars 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) matsáætlun Thor landeldis vegna 20.000 tonna landeldis á laxi í Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.19 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Hafrannsóknastofnunar, Landsnets, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og Orkustofnunar, Veðurstofu Íslands og Veitna um matsáætlun framkvæmdaraðila.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Bændablaðinu og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 28. apríl til 26. maí 2026.

#### 2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Thor landeldi – 20.000 tonna eldi á ári. Matsáætlun. Efla. Apríl 2026.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi þann 26. maí 2026,
- Fiskistofu þann 4. júní 2026,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 29. maí 2026,
- Landsneti þann 5. maí 2026,
- Matvælastofnun þann 22. maí 2026,
- Minjastofnun Íslands þann 26. júní 2026,
- Náttúrufræðistofnun þann 22. maí 2026,
- Náttúruverndarstofnun þann 20. maí 2026,
- Umhverfis- og Orkustofnun þann 3. júní 2026,
- Veðurstofu Íslands þann 26. maí 2026,
- Veitum þann 21. maí 2026.

Umsögn barst ekki frá Hafrannsóknastofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 16. júní 2026.

#### 3 Framkvæmd

Í matsáætlun Thors landeldis ehf. eru kynnt áform fyrirtækisins um byggingu og rekstur landeldisstöðvar fyrir lax með 20.000 tonna framleiðslugetu á ári og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform Thors landeldis felast í uppbyggingu landeldis að Laxabraut 41-43, um 3 km vestan við Þorlákshöfn. Stefnt er að framleiðslu á 20.000 tonnum á ári í þaueldi á landi og verður stöðin byggð í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir seiðaeldisstöð fyrir framleiðslu á allt að 300 tonnum á ári af seiðum og áframeldisstöð fyrir árlega framleiðslu á 5.000 tonnum af fiski. Í öðrum áfanga áformar framkvæmdaraðili áframeldi á 7.500 tonnum á ári til viðbótar. Framleiðslugeta seiðaeldisstöðvarinnar, sem byggð verður í fyrsta áfanga, nægir einnig fyrir annan áfanga. Í þriðja áfanga verður framleiðslugeta seiðaeldis aukin svo hægt verður að framleiða aukalega um 200 tonn af seiðum á ári og framleiðsluaukning í áframeldi verður um 7.500 tonn, sem gerir samtals um 20.000 tonna ársframleiðslu. Áætluð vatnsnotkun stöðvarinnar, við fullan rekstur, er 15 m<sup>3</sup>/sek af jarðsjó og 0,5 m<sup>3</sup>/sek af ferskvatni. Hámarkslífmassi í áframeldisstöð verður 13.000 tonn og hámarkslífmassi seiðaeldisstöðvar 135 tonn. Fjöldi mannvirkja fylgja eldisstöð af þessari stærðargráðu en umfangsmest eru eldisker. Auk þeirra þarf m.a. byggingu undir seiðaeldi, súrefnistanka, fóðursíló og fóðurgeymslur, tækjahús, rafstöðvarhús og aðgerða- og vinnsluhús.

Árið 2024 lagði Thor landeldi ehf. fram umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar landeldisstöðvar í Ölfusi. Stöðin er á lóð austan við framkvæmdasvæðið sem er nú til skoðunar (Laxabraut 33, 35, 37 og 39). Í umhverfismatsskýrslu voru kynnti áform félagsins um 20.000 tonna framleiðslu á ári. Núverandi rekstur Thor landeldis er í fullum gangi, að sögn fyrirtækisins og hefur seiðaeldisstöð sem annar allt að 20.000 tonna eldi verið reist og er komin í fulla starfsemi. Vinna við næsta áfanga verkefnisins, sem felur í sér 5.000–6.000 tonna áframeldi, er komin langt á veg.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar framkvæmdaraðila.

## 4 Álit HMS

Stofnunin hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit HMS fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit stofnunarinnar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

### Valkostir

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhuguð staðsetning sé talin afar heppileg fyrir eldið vegna þess að svæðið sé auðugt af fersku vatni og jarðsjó sem þurfi til framleiðslunnar. Einnig er sjórinn úti fyrir ströndinni talinn öflugur viðtaki fyrir fráveituvatn frá stöðinni enda stendur hún fyrir opnu hafi á stórbrimasömu strandsvæði með sterka strauma. Framkvæmdaraðili mun ekki bera saman mismunandi valkosti fyrir staðsetningu stöðvarinnar í umhverfismatsskýrslu. Fram kemur að framkvæmdaraðili hafi kynnt sér þann valkost að vera með líffiltersstöð á sama stað en þær stöðvar eru einnig kallaðar RAS (Recirculating Aquaculture System) stöðvar. Thor hefur borið saman möguleikana á að endurnýta ferskvatn og sjó 60-70% með Hybrid Flow Through tækni (HFT), eins og Thor hyggst nota í framleiðslu sinni, eða að endurnýta ferskvatn og sjó 90-95% og jafnvel meira með Recirculating Aquaculture Systems tækni (RAS). Framkvæmdaraðili hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé ekki talinn raunhæfur kostur að bera saman þessa valkosti í umhverfismatsskýrslu þar sem HFT tæknin henti mun betur fyrirhugaðri starfsemi.

Framkvæmdaraðili hyggst byggja eldisstöðina í þremur áföngum og í umhverfismatsskýrslu verða mismunandi áfangar bornir saman fyrir umhverfispætti sem við á.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í ljósi ásóknar í grunnvatn á litlu svæði við suðurströndina í Ölfusi og þeirra miklu uppbyggingar sem það er áformuð þá þurfi að setja fram aðra raunhæfa valkosti fyrir staðsetningu í umhverfismatsskýrslu en eingöngu aðalvalkost og núllkost séu þeir til staðar.

Framkvæmdaraðili hefur svarað því til að hann muni ekki setja fram mismunandi valkosti fyrir staðsetningu stöðvarinnar í umhverfismatsskýrslu.

HMS bendir á að umhverfismatsskýrsla skal innihalda lýsingu og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Í tilfelli Thor landeldis hefur fyrirtækið kannað tiltekna valkosti er snúa að hönnun framkvæmdarinnar, sbr. umfjöllun í matsáætlun. Í umhverfismatsskýrslu þarf að lágmarki að fjalla framangreinda kosti og möguleg umhverfisáhrif þeirra, auk þess að fjalla um aðra valkosti sem fyrirtækið kann að hafa skoðað og greina frá helstu ástæðum fyrir þeim valkosti sem var valinn.

### **Grunnvatn og vatnshlot**

Í matsáætlun kemur fram að gert sé ráð fyrir 48 borholum fyrir sjó sem hver um sig sé um 50 cm í þvermál ásamt 8 borholum fyrir ferskvatn sem hver um sig er um 40 cm í þvermál en endanleg staðsetning borhola hafi ekki verið ákveðin. Framkvæmdin er innan grunnvatnshlotsins Selvogsstraumur 3 (104-290-G) og er umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Verkfræðistofan Vatnaskil vann mat á áhrifum af fyrirhugaðri vatnstöku Thor landeldis árið 2023. Í umhverfismatsskýrslu verður leitast við að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á seltu grunnvatns og grunnvatnsstöðu í nágrenni framkvæmdarinnar. Til þess að meta þau áhrif verður meðal annars stuðst við fyrirbyggjandi gögn, þ. á m. mat á áhrifum fyrirhugaðrar vatnstöku hjá Thor landeldi. Viðbætur vegna umsóknar um nýtingarleyfi frá árinu 2025. Fram kemur að töluvert hafi safnast af gögnum á svæðinu þ.m.t. tengt jarðfræði og vatnafari þess frá því að fyrra umhverfismat Thor landeldis hafi farið fram sem einungis að hluta hafa verið nýtt til uppfærslu grunnvatnslíkans svæðisins. Má þar m.a. nefna gögn sem Thor landeldi hefur safnað á lóð sinni og gögn sem safnast hafa tengt rannsókn- og vöktunarborun á vegum Sveitarfélagsins Ölfuss, Hydros, Heidelberg og Carbfix. Þessi gögn verða nýtt til þess að uppfæra grunnvatnslíkan Vatnaskila af svæðinu að því marki sem það þjónar sérstaklega markmiðum líkangerðarinnar nú með áherslu á næsta nágrenni fyrirhugaðs vinnslusvæðis Thor landeldis. Uppfærsla líkansins leiðir af sér frekari staðfestingu á líkangerðinni og uppfært mat á þeirri óvissu sem kann að vera til staðar. Gerð verður grein fyrir grunnástandi auðlindarinnar og líkaninu beitt við mat á áhrifum dælingar við þá valkosti sem kynntir hafa verið varðandi fyrirhugaða uppbyggingaráfanga Thor landeldis auk þess sem metin verða samlegðaráhrif með skilgreindri fyrirhugaðri framtíðarvatnstöku á svæðinu. Metin verða áhrif dælingar á grunnvatn, með áherslu á niðurdrátt grunnvatnsborðs og seltubreytingar frá grunnástandi og verður jafnframt fjallað um möguleg áhrif dælingar á aðra vinnsluaðila á svæðinu. Mat verður einnig lagt á hvernig áhrif kunna að ganga til baka við vinnsluminnkun og tilsvarende áhrif á jafnvægisástand auðlindarinnar. Greining mælinga, líkanvinna, áhrifamat og skýrslugerð verður unnin af Vatnaskilum. Í umhverfismatsskýrslu verður lögð fram vöktunaráætlun til að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda auk þess sem fjallað verður um stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun 2022-2027 og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á grunnvatnshlot innan áhrifasvæðis en þar er gerð krafa um að grunnvatnshlot uppfylli viðmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Við áhrifamat vatnshlota verður einnig tekið tillit til samlegðaráhrifa með fyrirhugaðri framtíðarvatnstöku á svæðinu.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að í gildi sé nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar á grunnvatni til handa Thor landeldi ehf., við Laxabraut 35, 37, 39 og 41, í þremur áföngum. Nýtingarleyfið er háð skilyrðum m.a. því að aukin vatnsnotkun 2. og 3. áfanga sé háð skriflegu samþykki Umhverfis- og orkustofnunar og er samþykkið háð niðurstöðum vöktunar um áhrif fyrri áfanga á grunnvatnshæð og stærð og þykkt ferskvatnslinsu. Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn um aukna vatnsnýtingu eru m.a. uppfært rennislíkán og uppfært áhrifamat vatnshlota. Umhverfis- og orkustofnun telur að ljóst sé af lestri matsáætlunar rekstraraðila að Thor landeldi hyggist fara í sambærilega framkvæmd og þegar er hafin á Laxabraut 35, 37, 39 og 41 á Laxabraut 41 og 43. Vegna gríðarlegrar ásóknar í nýtingu grunnvatns á svæðinu og óvissu um áhrif nýtingar á grunnvatnsstrauminn Selvogsstraumur 3, sem er takmörkuð auðlind, telur stofnunin að óljóst sé hvort forsendur séu til að heimila Thor landeldi frekari nýtingu grunnvatns á svæðinu áður en fyrir liggur hver áhrif af áformaðri grunnvatnsnýtingu á svæðinu, sem fengist hefur leyfi fyrir, eru. Því er afar mikilvægt að reynslugögn úr nýtingu borholna á svæðinu séu nýtt við uppfærslu grunnvatnslíkans sem hermir áhrif af vinnslu ferskvatns og jarðsjávar. Þá er einnig undirstrikað mikilvægi þess að grunnvatnslíkan af svæðinu sýni áhrif hvers og eins áfanga verkefnisins og samanburð við aðra fyrirhugaða vinnslu á svæðinu þar sem samlegðaráhrif verða af rekstri allra fiskeldisfyrirtækja við Laxabraut og Nesbraut, sem nýta grunnvatn úr sömu straumum, gagnvart niðurdrætti og seltubreytingum. Lögð er áhersla á mikilvægi þess fyrir utan líkangerð þurfi að vinna að vöktun, áhrifamati og mati mótvægisáðgerða sameiginlega eða að aðilar deili gögnum um stöðu auðlindarinnar og mæld áhrif hvers og eins á auðlindina. Mikilvægt er að við líkangerð sé stuðst við nýlegar mælingar og efnagreiningar á ástandi grunnvatns á í vatnshlotinu Selvogsstraumur 3 til þess að leyfisveitendur geti metið hvort nýtingin verði sjálfbær og sinnt þannig lögbundinni rannsóknarskyldu, skv. 10. grein stjórnsýslulaga. Samkvæmt 17. gr. auðlindalaga nr. 57/1998 þarf nýting að vera með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Þá leggur Umhverfis- og orkustofnun áherslu á að þar sem framkvæmdin geri ráð fyrir grunnvatnsnýtingu þurfi í umhverfismatsskýrslu að liggja fyrir áhrifamat á vatnshlot og umfjöllun í skýrslunni verði í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027. Í vatnaáætlun er krafa um að þeir sem valdi álagi á vatnsauðlindina eigi að framkvæma mælingar á gæðapáttum vatnshlotanna áður en framkvæmdir hefjist.

Framkvæmdaraðili tekur undir með Umhverfis- og orkustofnun um mikilvægi þess að meta samlegðaráhrif á svæðinu vegna vatnstöku. Áhrif vatnstöku á grunnvatn verða metin með grunnvatnslíkani þar sem áhersla mælinga er á niðurdrátt grunnvatnsborðs og seltubreytingar. Reynslugögn úr rannsókna- og vöktunarborunum á vegum Thor landeldis ehf., Sveitarfélagsins Ölfuss, Hydros, Heidelberg, Carbfix og annarra framkvæmdaraðila á svæðinu verða nýtt til að uppfæra grunnvatnslíkan Vatnaskila. Áhrif vatnstöku verða metin fyrir hvern áfanga en einnig verður tekið tillit til samlegðaráhrifa með annarri fyrirhugaðri vinnslu á svæðinu. Þá verður unnið mat á áhrifum vatnstökunnar á grunnvatn í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um áhrifamat vatnshlota. Metið verður hvort framkvæmdin kunni að hafa áhrif á umhverfismarkmið vatnshlota.

Í matsáætlun er ítarleg umfjöllun um hvernig fyrirhugað sé að fjalla um og leggja mat á áhrif fyrirhugaðs eldis Thor Landeldis á grunnvatn og vatnshlot og gerir HMS ekki athugasemdir við þau áform. Eins og bent er á í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar eru grunnvatnsaðstæður á Reykjanesskaga um margt óvenjulegar þar sem tiltölulega þunnt lag af fersku vatni rennur ofan á fullsöltum jarðsjó og er ferskvatnslinsan viðkvæm fyrir upptöku þar sem saltvatn getur dregist upp í hana ef of skarpt er unnið og spillt auðlindinni til langs tíma. Auk þess er sú mikla jarðsjávarvinnsla, sem fyrirhuguð er á svæðinu öllu, líkleg til að valda vatnsborðslækkun á allstóru svæði og getur þá þynnt ferskvatnslinsuna á svæðinu. Umhverfis- og orkustofnun vekur jafnframt athygli á að útgefið nýtingarleyfi stofnunarinnar er háð skilyrðum, m.a. því að aukin vatnsnotkun 2. og 3. áfanga sé háð skriflegu samþykki Umhverfis- og orkustofnunar og er samþykkið háð niðurstöðum vöktunar um

áhrif fyrri áfanga á grunnvatnshæð og stærð og þykkt ferskvatnslinsu. Stofnunin telur enn fremur að vegna gríðarlegrar ásóknar í nýtingu grunnvatns á svæðinu og óvissu um áhrif nýtingar á grunnvatnsstrauminn Selvogsstraumur 3, sem er takmörkuð auðlind, sé óljóst hvort að forsendur séu til að heimila Thor landeldi frekari nýtingu grunnvatns á svæðinu áður en fyrir liggur hver eru áhrif af þeirri grunnvatnsnýtingu á svæðinu sem fengist hefur leyfi fyrir.

HMS tekur undir með umsögn Umhverfis- og orkustofnunar um mikilvægi þess að reynslugögn úr nýtingu borhola á svæðinu séu nýtt við uppfærslu grunnvatnslíkans sem hermir áhrif af vinnslu ferskvatns og jarðsjávar og sem lagt verður til grundvallar mati á grunnvatn og vatnhlot í umhverfismatsskýrslu. Þá er einnig undirstrikað mikilvægi þess að grunnvatnslíkanið sýni áhrif hvers og eins áfanga verkefnisins og samanburð við aðra fyrirhugaða vinnslu á svæðinu þar sem samlegðaráhrif verða af rekstri allra fiskeldisfyrirtækja við Laxabraut og Nesbraut, sem nýta grunnvatn úr sömu straumum, gagnvart niðurdrætti og seltubreytingum. Þá þarf í umhverfismatsskýrslu að liggja fyrir áhrifamat á vatnshlot og umfjöllun í skýrslunni þarf að vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027.

### **Slysasleppingar, erfðablöndun og smitsjúkdómar**

Í matsáætlun kemur fram að tveggja þrepa varnir verði notaðar til að koma í veg fyrir stök eldisfiska og samanstandi varnirnar af stálistum og tromlusíum. Grófleiki stálistanna er ákvarðaður út frá stærð seiða í hverju kari þannig að þau sleppi ekki í gegn og þess gætt að grófleiki tromlusíu sé það lítill að enginn fiskur í eldisstöðinni komast þar í gegn. Líkur á slysasleppingum frá landeldisstöðvum eru mjög litlar en þó er ekki hægt að útiloka að upp komi tilfelli þar sem slysasleppingar geti orðið. Slysasleppingar geta valdið erfðablöndun í laxám í nágrenni við eldisstað og skiptir fjarlægð milli eldissvæða og laxáa miklu máli upp á hvort stökulax leiti upp í ár. Næstu ár við framkvæmdasvæðið eru Ölfusá sem er í um 13 km fjarlægð og Vogsós sem rennur úr Hlíðarvatni í um 15 km fjarlægð. Ef slysaslepping á sér stað virkjust sérstök viðbragðsáætlun. Þá verður í umhverfismatsskýrslu gerð grein fyrir helstu smitsjúkdómum, þekktum smitleiðum og vörnum gegn smiti auk þess sem gerð verður grein fyrir lyfjanotkun en lyfjanotkun er nánast óþekkt í íslensku fiskeldi.

Matvælastofnun leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði gerð ítarleg grein fyrir flutningi lifandi fisks, bæði með tilliti til smitvarna og stökvarna, með brunnbátum. Gera þarf ítarlegri grein fyrir virkni rista og tromlusía og einnig fjalla um mögulegar leiðir sem fiskur geti farið úr eldiskerjum og út úr stöðinni, þar með talið frárennsli, yfirföll, drenlagnir, hjáveitur, brunna, hreinsistöðvar og lagnir til brunnbáta. Þá telur stofnunin að mun ítarlegri umfjöllun þurfi að vera um líffræðileg og erfðafræðileg áhrif slysasleppinga á villta laxastofna og þær ár sem eru næstar framkvæmdinni og fjalla mun betur um sjúkdómahættu og smitvarnir í umhverfismatsskýrslu. Gera þarf grein fyrir viðbragðsáætlun, tilkynningum og viðbrögðum ef stök verður. Að mati Matvælastofnunar þarf í umhverfismatsskýrslu jafnframt að fjalla um hvort og þá hvernig nálægð og umfang fiskeldisstarfsemi á svæðinu geti haft áhrif á smitvarnir, flutninga, rekjanleika, viðbragðsáætlanir og samhæfingu milli rekstraraðila ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm eða önnur alvarleg frávík. Lögð er áhersla á að í umhverfismatsskýrslu verði m.a. gerð grein fyrir vöktun heilbrigðis og velferðar fiska.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði nánar fjallað um sjúkdómavarnir, lyfja- og efnanotkun. Gerð verður grein fyrir flutningum og helstu flutningaleiðum lifandi fisks. Jafnframt verður fjallað um fyrirkomulag smitvarna og stökvarna, gerð grein fyrir þeim búnaði og verklagi sem ætlað er að lágmarka líkur á slysasleppingum við flutning fisks og draga úr smitáhættu. Gerð verður grein fyrir vatnstöku, meðhöndlun vatns og þeim smit- og sjúkdómavörnum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af uppruna vatns, notkun þess í eldi og kröfum lögbundins eftirlits. Mat verður lagt á möguleg áhrif sökum stroks og erfðablöndunar, svo sem vegna fjarðlægðar frá laxa- og silungsveiðiáa. Gerð verður grein fyrir öllum mögulegum leiðum sem fiskur getur farið úr eldiskerjum og hvernig tryggt verði að engin rekstrarstaða, viðhaldsaðgerð



eða bilun geti leitt til þess að fiskur fari fram hjá virkri lokavörn. Gerð verður grein fyrir viðbragðsáætlun, tilkynningum og viðbrögðum ef stök verður. Gætt verður að því að þéttleiki fari ekki of hátt og passað að eldisaðstæður séu réttar m.t.t. reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

HMS gerir ekki athugasemdir við áform framkvæmdaraðila um umfjöllun og mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda í umhverfismatsskýrslu á slyasleppingar, stökvarnir, smitvarnir og smitsjúkdóma sem og erfðablöndun í umhverfismatsskýrslu. Stofnunin bendir á nauðsyn umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu um hvernig eftirlit verði haft með virkni hreinsibúnaðar útrásar sem og umfjöllunar um aðgerðir til þess að gæta að velferð eldisfisks.

### **Viðtaki fráveitu og lífríki**

Í matsáætlun kemur fram að öllu frárænnisli frá eldinu verði veitt til sjávar en fyrirhugað framkvæmdasvæði liggja við strandsjávarhlötið Stokkseyri að Þorlákshöfn (103-1341-C). Umhverfismarkmið vatnshlotsins er að bæði vistfræðilegt ástand og efnafræðilegt ástand sé gott. Samkvæmt vatnavefsjá er vatnshlotið ekki talið í hættu og gert ráð fyrir að umhverfismarkmið náist. Staðbundið álag er á vatnshlotinu vegna fráveitu og fiskeldis. Efni sem berast með fráveituvatni frá stöðinni geta haft áhrif á vatnsgæði og lífríki sjávar og fjöru með auknu álagi á viðtakann, einnig gæti seltu- og hitastig breyst. Sérfræðingar á vegum Vatnaskila munu meta dreifingu efna sem berast með frárænnisli í viðtakann, með áherslu á dreifingu nítrats og fosfats, súrefniskrefjandi efna og súrefnisstyrk. Jafnframt verða metin áhrif á hitastig og seltu viðtakans. Áhrif verða metin út frá viðmiðum í reglugerð um fráveitu og skólphreinsun og lögum um stjórn vatnamála hvað snertir efna- og eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti til mats á vistfræðilegu ástandi vatnshlotsins og hvort losunin sé líkleg til að hafa áhrif á umhverfismarkmið vatnshlotsins með hliðsjón af þessum gæðapáttum. Sérfræðingar á vegum fyrirtækisins Marvaktar munu vinna mat á þeim áhrifum sem losun frá eldissvæði félagsins getur haft á líffræðilega gæðapætti vatnshlotsins og hvort áhrifin geti haft áhrif á umhverfismarkmið vatnshlotsins, sbr. Vatnaáætlun Íslands frá 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála. Matið mun styðjast við þá gæða- og matsþætti sem kynntir eru í Vatnaáætlun, þ.e. svifþörungum (blaðgræna a) og botnþörungum. Ekki verður stuðst við hryggleysingja á mjúkum botni sem er einn gæðapátta fyrir mat á vistfræðilegt ástand þar sem að harður botn er í strandsjávarvatnshlotinu utan við eldisstöðina. Stuðst verður við fyrirliggjandi gögn úr mælingum á næringarefnum og blaðgrænu árið 2025 til þess að leggja mat á áhrif framkvæmdar á svifþörungum, magn næringarefna og botnþörungum og fjöru. Við mat á áhrifum framkvæmdar munu sérfræðingar Marvaktar einnig horfa til líkangerðar Vatnaskila og líklegra áhrifa framkvæmdar á viðtaka og lífríki í viðtaka metin með tilliti til útþynningar næringarefna. Einnig verða sýni tekin í strandsjávarhlötinu samkvæmt vöktunaráætlun fyrir tímabilið 2024-2028 vegna fyrri áætlana Thors landeldis sem Umhverfisstofnun (nú Umhverfis- og orkustofnun) samþykkti. Fram kemur að út frá forsendum um lífmassa, fódur og vatnsnotkun og fræðilegum nálgunum verða reiknaðar út losunarstærðir á næringarefnum sem skila sér í frárænnisli og tilsvarende súrefnispörf fódurleifanna. Þessar stærðir verða metnar fyrir þrjá fyrirhugaða uppbyggingaráfanga Thor landeldis. Vegna mats á samlegðaráhrifum verða þær einnig metnar út frá forsendum annarra aðila sem losa í viðtakann í nágrenninu eða hyggjast gera það, sbr. útgefin gögn þeirra úr matsferlum. Vetrarstyrkur næringarefna verður athugaður og blaðgræna í mars-október. Kanna á botnþörungum og fjöru í júní 2026 og í leið verða fuglar taldir. Þess ber þó að geta að á staðsetningu Thor landeldis er ekki um eiginlega fjöru að ræða, í það minnsta ekki aðgengilega. Há klöpp er fyrir ofan sjávarmál þar sem frárænnisli stöðvarinnar fellur niður og engin leið að kanna fjöru þar fyrir neðan. Athugun mun fara fram sjónrænt með því að ganga eftir brúninni og farið eins nálægt sjó og aðstæður leyfa. Í umhverfismatsskýrslu verða lagðar fram mótvægisáðgerðir, ef þörf er á, auk þess sem gerð verður grein fyrir nauðsynlegri vöktun. Vöktunaráætlun verður unnin í samræmi við lög um stjórn vatnamála og í samráði við Umhverfis- og orkustofnun og aðra eldisaðila á svæðinu. Samlegðaráhrif

með öðrum fiskeldisfyrirtækjum og iðnaðarsvæði í nágrenni við Thor landeldi verða metin sem og heildaráhrif á vatnsgæðin og lífríki viðtaka.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar er bent á að í áhrifamati á vatn þarf að fjalla um losun næringarefna og mögulegra annarra efna sem notuð eru t.d. við þrif í stöðinni og áhrif þeirra á gæðapætti strandsjávar og svarar framkvæmdaraðili því til að það verði gert.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar er bent á að mikilvægt sé að umhverfismatið byggist á heildstæðri greiningu á lífríki sjávar á framkvæmda- og áhrifasvæði, þar sem lagðar séu fram upplýsingar um botndýralíf, botngerð og ástand vistkerfa. Á rekstrartíma þarf að gera grein fyrir magni og eðli losunar frá starfseminni, þar á meðal næringarefnum og lífrænum úrgangi, meta árangur fyrirhugaðrar hreinsunar og hvernig frárennsli dreifist og þynnist í viðtaka og hvaða áhrif það getur haft á lífríki sjávar.

Í svörum er tekið undir mikilvægi þess að umhverfismatið byggist á heildstæðri greiningu á lífríki sjávar á framkvæmda- og áhrifasvæði. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir fyrirbyggjandi rannsóknum og þeim viðbótargögnum sem aflað verður um botndýralíf, botngerð, ástand viðtaka, strauma, dreifingu og þynningu frárennslis, sem og magni og eðli losunar frá starfseminni, þ.m.t. næringarefnum og lífrænum úrgangi.

HMS gerir ekki athugasemdir við áform framkvæmdaraðila um umfjöllun og mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á viðtaka frárennslis og lífríki í umhverfismatsskýrslu. HMS bendir á að um að ræða umfangsmikla eldisstöð með mikið frárennsli sem getur, ásamt öðrum sambærilegum framkvæmdum á svæðinu, haft áhrif á viðtakann og lífríki hans. Stofnunin tekur undir framkomnar umsagnir og telur ástæðu til að tekið verði fullt tillit til þeirra í umhverfismatsskýrslu.

### **Meðhöndlun úrgangs**

Í matsáætlun kemur fram að dauðfiskur og slóg fari í meltugerð með maurusýru og er meltan m.a. nýtt í dýrafóður. Settir verða upp litlir tankar innan framkvæmdasvæðis undir dauðfisk og slóg. Meltan er svo sótt og nýtt af þeim aðilum sem vinna eða nýta meltuna. Dauðfiskur er áætlaður um 3% af hausatölu á ári eða sem nemur um 240 tonnum á ári er rekstur er kominn á fullt skrið og miðast sú tala við meðalþyngd fisks um 5 kg, þessi tala kann að verða lægri eða hærri og örugglega breytileg eftir árum. Fiskimykjan verður nýtt til áburðargerðar en áætlað er að um 7.200 tonn af fiskimykju falli til á ári, m.v. 20.000 tonna framleiðslu.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að nú þegar hafi landeldisfyrirtækjum hér á landi reynst erfitt að finna farveg fyrir þann úrgang sem krafist sé að fyrirtækin sía úr frárennsli áður en því er veitt í viðtaka, þ.e. fiskiseyruna. Stofnunin telur gríðarlega mikilvægt að fjallað verði um raunhæfa kosti í tengslum við meðhöndlun úrgangs í umhverfismatsskýrslu og leggur því til að úrgangsmýndun og ráðstöfun úrgangs verði sérstakur matsþáttur í skýrslunni. Gera þarf ítarlega grein fyrir þeim möguleikum sem eru fyrir hendi til að lágmarka myndun úrgangs frá landeldinu, hvernig hægt sé að stuðla að endurnýtingu úrgangs eða förgun og þeim umhverfisáhrifum sem stafa af mismunandi fyrirkomulagi hvað það varðar. Ein meginforsenda þess að hægt sé að fara í framleiðslu af slíku umfangi sem hér er fjallað um er að lausn finnist á því hvernig fiskiseyran verði meðhöndluð.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í umhverfismati verði gerð skýr grein fyrir meðhöndlun, flutningi og endanlegri ráðstöfun fasts úrgangs, hvaða aðilar taki við honum og hvort nauðsynleg aðstaða og leyfi liggi fyrir. Ef ráðgert er að nýta úrganginn sem áburð þarf að gera grein fyrir hvar og með hvaða hætti honum verður ráðstafað, svo sem á túnum eða við uppgræðslu og landgræðslu, og meta umhverfisáhrif slíkrar nýtingar á jarðveg, gróður og vatn.

Matvælastofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að gera nánari grein fyrir meðhöndlun úrgangs. Gera þarf grein fyrir fyrirhugaðri meðhöndlun fiskimykju, ábyrgðaraðilum, geymslutíma,

þurrkun eða annarri vinnslu, ráðstöfun og því hvernig komið verði í veg fyrir að fiskimykja verði smitleið eða valdi óæskilegri mengun.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að skýrt verði nánar í umhverfismatsskýrslu frá því hvernig meðhöndlun, geymslu, flutningi og ráðstöfun lífræns úrgangs frá starfseminni verður háttað. Þar verður gerð grein fyrir meginleiðum við nýtingu eða förgun, eftir því sem við á, hvaða aðilar kunna að taka við úrgangi og að nauðsynleg leyfi og skilyrði þurfi að liggja fyrir áður en slík ráðstöfun hefst. Ef gert verður ráð fyrir nýtingu úrgangs sem áburðar eða til landbóta verður einnig gerð grein fyrir helstu forsendum þeirrar ráðstöfunar.

Húsnæði, - mannvirkja – og skipulagsstofnun bendir á það sem kemur fram í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar um að landeldisfyrirtækjum hér á landi hafi reynst erfitt að finna farveg fyrir þann úrgang sem krafist sé að fyrirtækin sía úr frárennsli áður en því er veitt í viðtaka. Stofnunin tekur undir niðurstöðu Umhverfis- og orkustofnunar um að ein meginforsenda þess að hægt sé að fara í framleiðslu af slíku umfangi sem hér er fjallað um er að lausn finnist á því hvernig fiskiseyran verði meðhöndluð. HMS leggur því ríka áherslu á þau atriði sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila að í umhverfismatsskýrslu verði skýrt frá hvernig meðhöndlun, geymslu, flutningi og ráðstöfun lífræns úrgangs frá starfseminni verður háttað. Við þá umfjöllun þarf að taka mið af þeim áherslum sem koma fram í ofangreindum umsögnum.

Reykjavík, 8. júlí 2026,

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson



